



Áveitan

4. tbl. 18. árgangur. Apríl 2024

Víðavangshlaup Þjótanda

Sumardaginn fyrsta

Hlaupið verður á Þjósárbökkum og lagt af stað við afleggjarann að Árprýði.

Skráning fer fram á staðnum og hefst kl. 13:30 en hlaupið verður ræst kl. 14:00

Að loknu hlaupi fá keppendur þátttökuverðlaun og boðið verður upp á svaladrykk. Sigurvegarar í karla- og kvennaflokki fá farandverðlaunagrip.

Fögnum sumri á heilsueflandi hátt. Hlaupið er um 1500 m langt og hentar fólki á öllum aldri. Hver fer á sínum hraða.



Við vonumst til að sjá sem flesta. Stjórn Umf. Þjótanda

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill frá sveitarstjóra Flóahrepps



Nú er páskahátíðin liðin og vonandi nutu íbúar og les-
endur samveru og góðra stunda með
sínu fólki. Sólríkir en vindasamir páskar
og útsýnið eins og best verður á kosið
hér í víðsýninu í Flóanum!



Ýmislegt hefur verið í gangi í marsmánuði.
Sveitarstjórn stóð fyrir íbúafundi þriðjudaginn 26.
mars og voru helstu umræðuefni á fundinum úr-
gangsmál í landbúnaði, kynning á komandi

framkvæmdum við Flóaskóla og kynning á ferli í kringum endur-
skoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Að auki voru teknir fyrir
umræðupunktur sem voru sendir inn í gegnum íbúakönnun á heima-
síðu fyrir fundinn. Íbúar tóku þátt á staðnum ásamt því að nokkrir
fylgdust með í beinu streymi. Glætur frá íbúafundinum munu birtast á
heimasíðu Flóahrepps fyrir áhugasama og einnig verða breytingar og
umbætur sem snúa að úrgangsmálum í landbúnaði kynntar
sérstaklega fyrir þeim sem við á.

Á fundi í byrjun mars ákvað sveitarstjórn að greina notkun og rekstur
á þremur fasteignum í Flóahreppi en það eru félagsheimilin Þingborg
og Félagslundur ásamt Gömlu Þingborg. Markmiðið er að fá betri
yfirsýn og stöðu á rekstrinum og nýtingu húsanna og í kjölfarið að
skilgreina hlutverk og framtíðarnotkun þessara fasteigna en það er
mikilvægt til að hægt sé að taka ákvarðanir um viðhaldsverkefni og
frekari fjárfestingar. Kjörin sveitarstjórn hverju sinni þarf að skoða vel
alla anga í rekstri sveitarfélagsins enda er það sveitarstjórnar að fara

með ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og um ráðstöfun eigna skv. sveitarstjórnarlögum.

Unnið er að endurskoðun í tengslum við ársreikning Flóahrepps fyrir árið 2023 en sveitarstjórn mun taka ársreikninginn fyrir í tveimur umræðum á komandi vikum.

Töluvert hefur verið unnið að því að bæta aðstöðu í Þjósárverri sem nýtist félagsmiðstöðinni, ungmennahúsi og Flóaskóla og vonandi munu eldri íbúar einnig geta nýtt sér þessa frábæru aðstöðu sem búið er að byggja upp. Búið er að koma upp fullbúnum píluspjöldum, bæta við billjard og þythokkýborðum og einnig stendur til að setja upp hljóðdempanði tjaldi til að geta skipt salnum upp svo hægt sé að nýta hann í starfsemi skólans ásamt því að hýsa matsal skólans.

Félagsmiðstöðin Zone heldur áfram að sinna sínu mikilvæga hlutverki innan sveitarfélagsins. Í mars var farið á söngkeppni og ball í Þorlákshöfn, haldin opin hús ásamt því að farið var í þriggja daga skíðaferð í Skagafjörð í samstarfi við Flóaskóla. Að auki hefur ungmennaráð staðið fyrir ungmennahúsi í mánuðinum.

Búið er að panta nýjar varmadætur fyrir Félagslund eftir að ljóst varð að núverandi kynding var ekki að ná að sinna sínu hlutverki og mjög orkufrekt og kostnaðarsamt hefur verið að halda hita á húsinu. Einnig er unnið að lagfæringu á anddyri í Félagslundi og búið er að laga gólf og mála vegg í stólageymslu. Verið er að kanna möguleika á breytingum í Þingborg sem snúa að því að stækka gólföt í salnum með því að gera breytingar á sviðinu. Kanna þarf burðarþol í þaki og kostnaðargreina þær framkvæmdir áður en sveitarstjórn tekur frekari ákvarðanir.

Undirbúningur fyrir verkefni sumarsins eru komin af stað og hafa t.d. verið fengnir verktakar í innanhússbreytingar í Flóaskóla sem unnið verður að á meðan sumarfrí er í skólanum.

Byggðapróunarfulltrúi í neðri hluta Árnessýslu vinnur, ásamt verkefnastjórn, að gerð sameiginlegrar atvinnumálafestnu fyrir Flóahrepp, Sveitarfélagið Árborg og Hveragerði. Íbúakönnun vegna stefnunnar

hefur verið í gangi síðustu vikur og verður hún opin fram yfir páska. Vonandi hafa sem allra flestir tekið þátt í könnuninni.

Vorið er framundan og margt sem því tengist.

Sveitarstjórn hvetur íbúa til að taka þátt í Stóra plökkdeginum sem haldinn verður um allt land þann 28. apríl. Það er góður tímapunktur til að hefja allsherjar hreinsunaráttak í sveitarfélaginu sem endar svo á opnum dögum á gámasvæðinu í Hrísmýri í lok maí. Svæðið verður þá opið fyrir íbúa, fasteignaeigendur og atvinnurekendur í Flóahreppi en á þeim dögum þarf ekki að nota inneignarkortið en sýna þarf þó framá að viðkomandi sé að koma úr Flóahreppi t.d með því að sýna kortið. Ekki er lengur í boði að fá gáma heim á bæi á kostnað sveitarfélagsins. Opnu dagarnir verða nánar auglýstir í maí.

Við hvetjum íbúa í sveitarfélaginu til að taka til hendinni í apríl og maí og nýta sér gámasvæðið til að losna við úrgang sem fellur til utan hefðbundins heimilisúrgangs. Atvinnurekendur eru sérstaklega hvattir til þess að huga að lóðum sínum og fjarlægja lausaffármuni og úrgang af lóðum sínum. Minnum einnig á grenndargámana fyrir gler og málma við Þingborg og Félagslund.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is.

Flóahreppur auglýsir eftir umsóknum um menningarstyrk Flóahrepps vegna ársins 2024 sbr. reglur um úthlutun styrkja til menningarmála. Sækja þarf um styrkinn fyrir 15. apríl. Nánar um styrkveitingu má sjá hér: <https://www.floahreppur.is/is/frettir/umsoknir-um-menningarstyrk-floahrepps-2024>

Fulltrúar í íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd eru á fullu að undirbúa vorhátíðina okkar Fjör í Flóa sem haldin verður 31. maí – 1. júní í ár. Við hvetjum íbúa til að fylgjast með facebook síðu Fjörs í Flóa og á heimasíðu Flóahrepps. <https://www.floahreppur.is/is/frettir/fjor-i-floa-2024>

Óskað er eftir áhugasömum fulltrúa í Öldungaráð Uppsveita og Flóa. Flóahreppur skal tilnefna einn fulltrúa og annan til vara í sameiginlegt Öldungaráð sem sveitarfélögin Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur og Bláskógabyggð starfrækja í sameiningu. Í Öldungaráð eru einnig skipaðir tveir fulltrúar frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða og einn fulltrúi frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands með þekkingu á öldrunarþjónustu. Hlutverk Öldungaráðs er meðal annars að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu, að gera tillögur to sveitarstjórnar um öldrunarþjónustu og að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem eru í boði. Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra í síma 480 4370 eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Óskum eftir flokkstjórum og starfsmönnum í vinnuskóla Flóahrepps sumarið 2024

Flóahreppur starfrækir vinnuskóla á sumrin í 7 vikur á tímabilinu frá byrjun júní og fram yfir miðjan júlí. Vinnuskólinn er opinn fyrir unglinga sem eiga lögheimili í Flóahreppi. Verkefni eru fjölbreytt og aðalstarfsstöðvarnar þrjár, við Þingborg, Þjórsárver/Flóaskóla og Félagslund. Stefnt er að því að unglingar fæddir 2008-2010 eigi kost á vinnu í 6 vikur og þeir sem fæddir eru 2011 eigi kost á vinnu í 2 vikur í samráði við flokkstjóra.

Umsóknareyðublað vegna starfs við vinnuskólann má finna á heimasíðu Flóahrepps: <https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/fraedslumal/vinnuskoli-floahrepps> en einnig er hægt að nálgast útprentað eyðublað á skrifstofu Flóahrepps. *Athugið að foreldri/forráðamaður þarf að fylla út umsóknina með barni sínu og hefur starfsmaður Flóahrepps samband við foreldri til að staðfesta starf við vinnuskólann.* Útprentuðum umsóknum skal skila á netfangið floahreppur@floahreppur.is eða í afgreiðsluna á skrifstofu Flóahrepps fyrir 24. maí.

Flóahreppur auglýsir einnig eftir öflugum flokkstjórum fyrir vinnuskóla

og hvetjum við áhugasama að sækja um hér: <https://www.floahreppur.is/is/frettir/flokkstjorar-i-vinnuskola-floahrepps-2024>

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður mánudaginn 8. apríl kl. 16:00 í Þingborg. Erindi sem óskað er eftir að verði tekin fyrir þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is í síðasta lagi kl. 12:00 föstudaginn 5. apríl.

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrismýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Athugið að sú breyting hefur orðið á þjónustu ÍGF að ekki er opið á laugardögum.

Sjá nánar hér: <https://gamafelagid.is/starfsstod/islenska-gamafelagid-sudurlandi/>

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrismýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.

Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á hulda@floahreppur.is til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal. Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á arni@floahreppur.is.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Andri Þór Erlingsson og Ingibjörg Einarsdóttir sjá um húsvörslu í Félagslund og Þingborg. Bókanir og fyrirspurnir vegna

félagsheimilanna berist í síma 691-7082 eða á netfangið thingborg@gmail.com.

Opnunartími skrifstofu:

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdís bókarí, launafulltrúi og umsjón með álagningakerfi:

hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags- og byggingarmála: UTU er staðsett á Laugarvatni. Almenn netfang: utu@utu.is Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00.

Mælst er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara. Sjá nánar hér:

<https://www.utu.is/um-okkur/>

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings bs:

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar. Sími: 480-1180

Vegna skólaþjónustu: skolathjonusta@arnesthing.is

Vegna velferðarþjónustu: velderd@arnesthing.is

Sjá nánar hér: www.arnesthing.is

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

46. Flóahlaupið 2024

Flóahlaupið verður haldið laugardaginn 13.apríl við Félagslund.

Ræst verður kl. 13.00. Keppt verður í 3, 5 og 10 km hlaupi.

Skráning fer fram á hlaup.is en félagsmenn í Umf. Þjótanda sem greitt hafa árgjald þurfa ekki að borga þáttökugjaldið og eiga þar að leiðandi að skrá sig á staðnum- mæta þá tímalega.

Kaffiveitingar verða venju samkvæmt í boði fyrir keppendur í Félagslundu eftir hlaupið. Einnig geta aðrir notið þess gegn vægu gjaldi. ENGINN posi á staðnum.

Hvetjum við sem flesta til að taka þátt.

Stjórnin



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Flóahreppur

velliðan fyrir alla

ÞORRABLÓT FLÓAMANNA 2025

Nú hefur verið dregið í nýja nefnd fyrir
Þorrablót Flóamanna 2025.

Nefndina skipa:

- Guðmundur og Hafdís Gígja - Uppsölum
- Andrea og Halldór - Syðri-Gróf 1
- María Weiss og Magnús - Vestur Meðalholti
- Axel og Þórunn - Kjartansstöðum
- Þorvaldur - Önuðarholti
- Geir og Aldís - Stóru-Reykjum
- Ósk og Rúnar - Ástúni
- Árni og Halla - Reykjaseili
- Jón Gunnþór og Ágúst - Syðri-Velli 1
- Arndís og Einar - Heiðargarði
- Rúnar og María Hödd - Súluholti 2
- Hafdís og Helgi - Súluholti 1

Við hvetjum íbúa Flóahrepps til að nýta tímann vel og
búa okkur góðan efnivið í skemmtiatriðin 2025!

VINNUSKÓLI

FLOKKSTJÓRAR OSKAST

Leitað er eftir öflugum einstaklingum sem eiga auðvelt með samskipti og hafa gaman af því að starfa með unglingum og ungmennum.

NÁNARI UPPLÝSINGAR:



FLÓAHREPPUR



floahreppur@floahreppur.is



SAMFÉLAGSVERKEFNI

Margar hendur vinna létt verk

Landsvirkjun vill vera góður granni og hefur því um margra ára skeið starfrækt öfluga sumarvinnuflokka ungs fólks.

Sumarið 2024 munu starfshópar frá okkur sinna fjölbreyttum verkefnum í nágrenni við aflstöðvar okkar.

Nágrannar aflstöðva Landsvirkjunar geta sótt um vinnuframlag og verkstjórn hjá *Margar hendur vinna létt verk* - meðal annars vegna verkefna sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og umhverfisbótum ásamt öðrum samfélagsverkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl.

Hægt er að sækja um á landsvirkjun.is/margarhendur

Hafðu samband ef þú ert nágrenni okkar og vilt fá vinnuhóp í heimsókn í sumar.

**Vertu breytingin
sem
þú vilt sjá.**

Taktu þátt í stóra
plokkeginum
sunnudaginn
28. apríl n.k.

Umhverfis- og
samgöngunefnd



Aðalfundur Nautgriparæktarfélag Flóahrepps

Aðalfundur Nautgriparæktarfélag Flóahrepps verður
haldinn í Félagslundi fimmtudaginn 4. apríl nk. kl
13:00.

Hefðbundin aðalfundarstörf og verðlaunaafhendingar.
Guðmundur Jóhannesson frá RML verður gestur
fundarins.

Boðið verður upp á kaffi og kökur.

Sjáumst, stjórnin.



Fjör í Flóa

31. MAÍ - 1. JÚNÍ

2024

Lumar þú nokkuð á,

Gömlum landbúnaðartækjum eða dráttarvélum?

Fallegu handverki fyrir sölubása? Eða til sýnis?

Afurðum beint frá býli?

Skemmtilegum hugmyndum?

Langar þig að hafa opið hús?

Hlökkum til að heyra frá þér

Rúnar s: 898-1535

Harpa s: 848-7713

Sigrún s: 862-1574

Finndu okkur á FB Fjör í Flóa og

Instagram

Menning i Flóa



Fréttir úr Flóaskóla

Í mars voru það nemendur á yngsta stigi sem áttu sviðið í bókstaflegri merkingu. Hinn síungi Emil í Kattholti var settur á svið og sýndur fyrir fullu húsi þann 20. mars. Nemendur í 1. - 4.



bekk léku og sungu öll hlutverk. Sungin voru mörg lög úr þessu skemmtilega verki af stakri prýði og aðdáunarvert var að heyra hversu vel þau kunnu þessa löngu og flóknu texta.



Leikverkinu

skiluðu þau líka með miklum sóma og þónokkrir efnilegir

leikarar sáust í hópnum. Það er ómetanlegur lærdómur sem felst í svona uppsetningu.



Eldri nemendur voru á faraldsfæti og gengu ferðir þeirra mjög vel, bæði skíðaferðin á Sauðárkrók og ferðin í skólabúðirnar að Reykjum í Hrótafirði. Nemendur voru þar sjálfum sér og skólanum til sóma í hvívetna.

Haldið var upp á alþjóðlegan *Dag stærðfræðinnar* fimmtudaginn 14. mars. Dagsetningin tengist tölunni pí (3,14) eins og margir vita. Hvert ár er gefið út þema dagsins og var það að þessu sinni, *leikið með stærðfræði*. Í Flóaskóla var ákveðið að vinna með ýmiskonar þrautir og var ein

þeirra að finna út hversu margar poppbaunir væru í stórrí plastkrukku og hver væri besta leiðin til að finna það út. Allflestir tóku þátt í þessari þraut, sumir giskuðu á fjöldan en aðrir beittu fjölbreyttum leiðum til að leita lausna, mældu, vigtuðu og beittu ýmiskonar útreikningum. Það var gaman að fylgjast með nemendum í þessu verkefni.



Nemendur eru enn á faraldsfæti. Nú strax að afloknum páskum fara 10. bekkingar í ríflega vikulanga ferð til Danmerkur. Fyrst hitta þau samstarfsfélaga sína úr Nordplus verkefninu, nemendur í Gudenoskulen. Eftir um vikudvöl með þeim ætla þau að ljúka Danmerkurdvölinni með útskriftarferð í Kaupmannahöfn. Miðstig skólans hefst handa við uppsetningu sinnar leiksýningar eftir páskana og verður það leikrit sýnt í Þjórsárverri 22. apríl kl 17:00. Leikritið er í anda Lion King, ævintýrabema með gamansömu sveitaívafi.

Lögð verður sérstök áhersla á lestur í apríl, 4. bekkingar æfa fyrir *Litlu upplestrarkeppnina* sem haldin verður í lok mánaðar og 7. bekkur undirbýr sig fyrir *Stóru upplestrarkeppnina*. Hún fer fyrst fram innan skólans en svo fara fulltrúar skólans og keppa við nemendur 7. bekkja í skólunum í Uppsveitum Árnassýslu.

Í maí er ætlunin að vera með fjölskyldudag í skólanum og verður undirbúningur fyrir hann eitt af verkefnum aprílmánaðar. Þann dag geta nemendur, starfsfólk og foreldrar komið á hestum í skólann, búið er að útvega girðingu fyrir hrossin þar til skóladegi lýkur. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og dagskrá verður kynnt í maí-fréttunum. En dagurinn verður helgaður hreyfingu og útivist.

Viðburðarríkir dagar framundan og svo er sumardagurinn fyrsti rétt handan við hornið

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir

Frá Umf Þjótanda

Fjör í Flóa verður haldið mánaðamótin maí/júní og af því tilefni mun ungmennafélagið Þjótandi vera með dagskrá eins og vant er.



Stefnt er að því að vera með kökuskreytingakeppni fyrir krakka eins og hefur verið síðustu ár. Nú er því einmitt rétti tíminn til að fara að hanna og æfa glæsilegar köku-skreytingar.


Einnig er stefnt að því að prófa nýja keppnisgrein, kassabílarallý. Þar munu keppendur keyra kassabíla á fyrirfram ákveðinni braut og leysa um leið ýmsar þrautir sem reyna á snerpu, úthald og útsjónarsemi.

Allir heimagerðir kassabílar eru velkomnir í keppnina og eru reglur þessar:

- Á hverjum kassabíl skulu keppa tveir keppendur.
- Kassabíllinn má einungins vera knúinn áfram af keppendum sínum.
- Öllum keppendum er skylt að vera með hjálma.

Við hvetjum alla sem áhuga hafa til að nota vorið og útbúa kassabíla fyrir keppnina.

Nánar um fyrirkomulag á þessum skemmtilegu keppnisgreinum og skráning verður auglýst í næstu Áveitu.





Skógræktarfélag Villingaholtshrepps

Fræðslukvöld og aðalfundur

Þann 22. **apríl nk. kl 19:30 í Þinborg** bjóðum við uppá fræðslukvöld og í kjölfar þess höldum við aðalfund okkar.

Upplýsingar um fræðslukvöld auglýst þegar nær dregur.

Hefðbundin aðalfundur haldin strax þar á eftir.

Hvetjum alla félagsmenn og áhugasama að mæta og þaka þátt í starfi félagsins.

Nýir félagar velkomnir. Kveðja



Stjórnin

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar verður haldinn í Villingaholtskirkju, mánudaginn 15. apríl n.k. kl. 20.00.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur settur og skipaðir starfsmenn fundarins
2. Fundargerð síðasta fundar lesin
3. Skýrsla formanns sóknarnefndar fyrir árið 2023
4. Reikningar kirkju og kirkjugarðs, umræður og samþykkt
5. Fréttir af héraðs-nefnd/fundi Suðurprófastsdæmis
6. Kosning skoðunarmanns reikninga og varaskoðunarmanns
7. Umhirða kirkjugarðs sumarið 2024
8. Önnur mál

Öll velkomin til fundarins
F.h, sóknarnefndar,
Sólveig Þórðardóttir formaður



Sleifin

Konurnar í Kvenfélagi Villingaholtshrepps bjóða vinkonum sínum í Kvenfélagi Hraungerðishrepps og Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps á okkar árlegu samkomu, Sleifina. Samkoman fer fram í Félagslund, fimmtudagskvöldið 18. apríl kl. 20.00.

Við vonum að þið sjáið ykkur fært að mæta, við hlökkum til að hitta ykkur.

Skemmtinefnd Kv.
Villingaholtshrepps



Hestafl verktakar auglýsa

Nú er vorið handan við hornið.

Við erum klárir í vorverkin og bjóðum upp á alhliða lausnir. Við erum vel tækjum búnir og tökum að okkur jarðvinnslu, gröfu-vinnu, áburðardreyfingu, flutninga og önnur verk.

Endilega hafið samband ef þið viljið nýta ykkur þessa þjónustu.

Victor Örn Victorsson S. 789-7675
Hestafl verktakar EHF.



Æfingar Umf Þjótanda

Umf Þjótandi minnir á íþróttæfingar sem félagið stendur fyrir á veturna í Þingborg.



Fyrir nemendur í 2. til 4. bekk eru æfingar á föstudögum frá kl 12:00 -13:30

Fyrir nemendur í 5. og 6. bekk eru æfingar á þriðjudögum frá kl 14:00 -15:30

Fyrir nemendur í 7.til 10. bekk eru æfingar á þriðjudögum frá kl 16:00 - 17:30.

Þjálfari er Örvar Rafn Hlíðdal orvar@floaskoli.is

Að auki eru glímuæfingar í Félagslundi fyrir alla áhugasama á miðvikudögum frá kl 19:30 - 20:30.

Þjálfari er Stefán Geirsson steger@hotmail.com

Úrstlit móta

Héraðsmót HSK 3.mars 2024 Selfoss

Karlaflokkur

60.m hlaup

5.sæti 8,56 sek Helgi Reynisson

Stangarstökk

3.sæti 2,72 m Helgi Reynisson **pb**

Langstökk

3.sæti 5,05 m Helgi Reynisson **pb.**

Kvennaflokkur

Hástökk

7.sæti 1,35 m Bryndís Eva Óskarsdóttir

Kúluvarp 4 kg

4.sæti 10,02 m Bryndís Eva Óskarsdóttir

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri 17.mars 2024

Þjótandi átti einn keppandi í bikarliðinu þetta árið. Það var Björgvin Guðni Sigurðsson sem keppti í kúluvarpi. Kastaði hann 4kg kúlunni 9,96 m sem er persónuleg bæting. Það gaf honum 5.sæti. Bikarliðið í heild sinni endaði í 5.sæti af 10 liðum sem kepptu.

Héraðsleikar HSK 3.mars 2024 Selfoss

10.ára Piltar

60m hlaup

1.sæti 10,33 sek Arnar Alex Reynisson **pb.**

3.sæti 11,58 sek Nikulás Tumi Ragnarsson

5.sæti 12,80 sek Magnús Búi Ágústsson **pb.**

Langstökk

1.sæti 3,27 m Arnar Alex Reynisson **pb.**

3.sæti 2,80 m Nikulás Tumi Ragnarsson **pb.**

5.sæti 2,08 m Magnús Búi Ágústsson

Kúluvarp 2 kg

1.sæti 6,99 m Nikulás Tumi Ragnarsson **pb.**

2.sæti 6,60 m Arnar Alex Reynisson **pb.**

4.sæti 4,81 m Magnús Búi Ágústsson **pb.**

Hástökk

1.sæti	1,10 m	Arnar Alex Reynisson pb.
2.sæti	0,95 m	Nikulás Tumi Ragnarsson pb.
5.sæti	0,75 m	Magnús Búi Ágústsson pb.

9.ára Piltar

60m hlaup

1.sæti	10,37 sek	Héðinn Fannar Höskuldsson pb.
2.sæti	10,88 sek	Þorkell Ólafur Þórbergsson pb.
4.sæti	11,35 sek	Kolbeinn Sturluson Schacht pb.
8.sæti	11,96 sek	Sölvi Þór Magnússon pb.

Langstökk

1.sæti	3,16 m	Héðinn Fannar Höskuldsson pb.
4.sæti	2,77 m	Þorkell Ólafur Þórbergsson pb.
5.sæti	2,76 m	Sölvi Þór Magnússon pb.
6.sæti	2,72 m	Kolbeinn Sturluson Schacht pb.

Skutlukast

1.sæti	12,10 m	Þorkell Ólafur Þórbergsson pb.
2.sæti	10,32 m	Kolbeinn Sturluson Schacht pb.
4.sæti	9,05 m	Héðinn Fannar Höskuldsson pb.
7.sæti	8,62 m	Sölvi Þór Magnússon pb.

Kúluvarp 2kg

1.sæti	5,36 m	Þorkell Ólafur Þórbergsson pb.
2.sæti	5,34 m	Héðinn Fannar Höskuldsson pb.
4.sæti	5,26 m	Kolbeinn Sturluson Schacht pb.
8.sæti	4,46 m	Sölvi Þór Magnússon pb.

8ára og yngri piltar

60m hlaup

1.sæti	11,07 sek	Kristján Þórarinn Andrason pb
3.sæti	11,89 sek	Gísli Brynjar Ágústsson pb.

Langstökk

2.sæti	2,73 m	Kristján Þórarinn Andrason pb
5.sæti	2,22 m	Gísli Brynjar Ágústsson pb.

Skutlukast

1.sæti	14,91 m	Kristján Þórarinn Andrason pb
2.sæti	11,34 m	Gísli Brynjar Ágústsson pb.

9 ára Stúlkur

60 m hlaup

2.sæti	11,92 sek	Brynhildur Katrín Franzdóttir pb.
3.sæti	12,15 sek	Lilja Reynisdóttir pb.
4.sæti	12,53 sek	Rakel Ýr Sigmarsdóttir pb.

5.sæti	12,59 sek	Emilía Agnes Jóhannsdóttir pb.
6.sæti	12,66 sek	Sóley Lindsey A. Sævarsdóttir pb.

Langstökk

1.sæti	2,96 m	Lilja Reynisdóttir pb.
2.sæti	2,34 m	Brynhildur Katrín Franzdóttir pb.
4.sæti	2,25 m	Emilía Agnes Jóhannsdóttir pb.
5.sæti	2,25 m	Rakel Ýr Sigmarsdóttir pb.
6.sæti	2,19 m	Sóley Lindsey A. Sævarsdóttir pb.

Skutlukast

1.sæti	8,93 m	Emilía Agnes Jóhannsdóttir pb.
2.sæti	8,49 m	Rakel Ýr Sigmarsdóttir pb.
3.sæti	8,44 m	Lilja Reynisdóttir pb.
4.sæti	6,95 m	Brynhildur Katrín Franzdóttir pb.
5.sæti	5,45 m	Sóley Lindsey A. Sævarsdóttir pb.

Kúluvarp 2 kg

1.sæti	4,48 m	Lilja Reynisdóttir pb.
2.sæti	3,78 m	Rakel Ýr Sigmarsdóttir pb.
3.sæti	3,58 m	Emilía Agnes Jóhannsdóttir pb.
4.sæti	3,47 m	Brynhildur Katrín Franzdóttir pb.
6.sæti	2,60 m	Sóley Lindsey A. Sævarsdóttir pb.

8 ára og yngri Stúlkur

60m hlaup

10.sæti	16,14 sek	Ásgerður Bjarnadóttir pb.
---------	-----------	----------------------------------

Langstökk

11.sæti	1,44 m	Ásgerður Bjarnadóttir pb.
---------	--------	----------------------------------

Skutlukast

11.sæti	4,06 m	Ásgerður Bjarnadóttir pb.
---------	--------	----------------------------------

Til hamingju með árangurinn allir sem tóku þátt.

Áfram Þjótandi :)

Nokkrar myndir frá Héraðsleikunum



Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps

verður haldinn í Þjórsárveri þann 15. apríl n.k. kl 20:00.
Venjuleg aðalfundarstörf.
Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin



Dagskrá mánaðarins:

Æfingar í Þingborg	2. apríl
Glímuæfing	3. apríl
Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Flóahr.	4. apríl
Fundur sveitastjórnar	8. apríl
Æfingar í Þingborg	9. apríl
Glímuæfing	10. apríl
Flóahlaupið	13. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Vill.	15. apríl
Aðalsafnaðarfundur Villingaholtskirkju	15. apríl
Æfingar í Þingborg	16. apríl
Glímuæfing	17. apríl
Sleifin	18. apríl
Fræðslukvöld og aðalfundur Skóg. Vill.	22. apríl
Æfingar í Þingborg	23. apríl
Glímuæfing	24. apríl
Víðavangshlaup Umf Þjótanda	25. apríl
Stóri Plokkdagurinn	28. apríl

